

Skýrsla náttúruverndarnefnda

Heiti nefndar: umhverfisnefnd

Sveitarfélag: Garðabær

Starfsár: 2016

1. Ástand og framkvæmdir á friðlýstum svæðum:

Ástand á friðlýstum svæðum í Garðabæ er gott. Fylgst er reglulega með svæðunum og tínt rusl. Í friðlandi Vífilsstaðavatns var áfram hlúð að varpi flórgoða og komust fimm undar á legg. Flórgoðum hefur fjölgað á Vífilsstaðavatni voru átta og eitt par á Urriðavatni.

Styrkir fengust til endurheimtar votlendis við Kasthúsatjörn frá Landgræðslu og Toyota, framkvæmdin er í eftirliti Landgræðslunnar og Garðabæjar. Nú er beðið eftir að jörð frjósi til að hefja framkvæmd við að fylla í skurðina. Ágangur ferðamanna og ferðaþjónustufyrirtækja er í Maríuhella sem skilja eftir sig ótal kerti.

Afturköllun friðlýsingar Búrfells, Búrfellsgjár og eystri hluta Selgjár á árinu er mikið áfall fyrir friðlýstum svæðum.

2. Ástand efnistökusvæða:

Engin efnistökusvæði í landi Garðabæjar.

3. Ólöglegar auglýsingar utan þéttbýlis:

Ekki vandamál.

4. Ólöglegur akstur utan vega og umgengni í óbyggðum:

Ekki vandamál.

5. Almennaréttur og útivist í sveitarfélaginu:

Lagðir hafa verið stígar um bæjarlandið á árinu þ.e. hjóla og göngustígur vestan Hafnarfjarðarvegar yfir Arnarnesið sem samgönguleið milli sveitarfélaga með aðkomu Vegagerðarinnar. Einnig lagður 3 m breiður stígur frá byggðinni upp að friðlandi Vífilsstaðavatns er liggur sunnan við Vífilsstaði meðfram votlendinu Vatnsmýri, þessi leið er mjög kærkomin örugg leið til útivistarsvæða ofan byggðar. Endurbætt með stikum var hinn forni Fógetastígur yfir Gálgahraun og Berklastígur í Vífilsstaðahrauni. Einnig var gönguleiðin inn eftir Búrfellsgjá merkt með stikum til að beina átroðningi frá Gjáarétt, þarna er átroðningur töluverður. Almennaréttur er virtur með opnum gönguleiðum með ströndum fram t.d. voru settar prílur/tröppur yfir girðingar meðfram strönd Skógtjarnar á árinu. (Áhyggjuefni hve aðgengi almennings er takmarkað með strandlengju Arnarness.)

6. Fræðsla á náttúruverndarsvæðum:

Fræðslu og sögugöngur

Umhverfisnefnd hefur staðið að tveimur fræðslugöngum með leiðsögn á ári. En nú í tilefni 40 ára afmælis Garðabæjar voru sex göngur skipulagðar frá mars til nóvember í samstarfi við menningar- og safnanefnd. Göngurnar hafa verið gríðarlega vel sóttar (70-115 manns) og sem almenningur sækist eftir með fyrirspurnum um þá næstu.

Leiðbeinendur hafa verið um sögu, fornleifar og náttúru.

Útikennsla við Vífilsstaðavatn

Árleg útikennsla um lífríki Vífilsstaðavatns fyrir nemendur 7. bekkja grunnskóla á sér stað í friðlandinu í boði umhverfisnefndar. Í ár tóku þátt Flataskóli, Hofstaðaskóli og Sjólandsskóli, daganna 5.-7. október sl. Leiðbeinandi Bjarni Jónsson fiskifræðingur

ásamt aðstoðarfólki frá garðyrkjudeild Garðabæjar. Verkefnið var í umsjón umhverfisstjóra ásamt áhöldum til útikennslunnar.

Útikennsla um fuglalíf á Álftanesi

Umhverfisnefnd styrkti í annað sinn fuglaskoðun nemenda grunnskóla Álftaness með útikennslu í maí 2016 í leiðsögn Jóhanns Óla Hilmarssonar og Dr. Ólafs Einarssonar.

Fuglar í Garðabæ er kennslubók í vinnslu sem Jóhann Óli Hilmarsson og Dr. Ólafur Einarsson eru höfundar að áætluð fyrir 6.-9. bekkina grunnskóla í Garðabæ.

Trjágróður í Garðabæ markmið um heilbrigðar og vel hirtan gróður í bæjarlandinu, fræðsluefnið *Gróður á lóðum* á www.gardabaer.is er reglulega uppfært í hönnun EFLU ráðgjöf.

Fræðslu- og söguskilti

Markvist er unnið að gerð og uppbyggingu fræðslu- og söguskilta. Þeir staðir sem umhverfisnefnd hefur unnið að á árinu eru um Skanskinn á Álftnesi og um Selgjá í Búrfellshrauni. Söguskiltið við Skansinn verður afhjúpað 12.11.16, en bíður fyrir Selgjá vegna þess að ljúka þarf deiliskipulagi Heiðmerkur og framkvæmd við bílaplan við við upphaf gönguleiðar á Búrfell og gjárnar. Skiltin eru hönnuð af Árna Tryggvasyni, texti og kort af Ragnheiði Traustadóttur fornleifafræðingi.

7. Staða svæða á náttúruminjaskrá:

Unnið er að endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 þar eru náttúrusvæðin skilgreind í friðlýst svæði og svæði sem eru hverfisvernduð sem jafnframt eru á náttúruminjaskrá.

8. Svæði sem njóta sérstakrar verndar:

Fornleifaskráningar

Mörg svæði njóta sérstakrar verndar í landi Garðabæjar með tilliti til fornleifa má nefna nýtt deiliskipulag af Garðahverfi þar sem gamli tíminn fær að ráða. Styrkur til *Verndarsvæðis í byggð* var veittur af húsfriðunarsjóði Minjastofnunnar í ár fyrir áætlun uppbyggingar í Garðahverfi til að endurnýja byggð á svæðinu. Skráning fornleifa með hnitsetningu var lokið í Garðabæ 2013, en er í vinnslu fyrir Álftanes sem verður lokið með endurskoðun aðalskipulagsins.

Heiðmerkursvæðið er undir miklu álagi varðandi fjölda bíla á svæðinu. Nauðsynlegt að gera bílastæði fyrir fólksbíla og ekki síst rútur við Heiðmerkurveg til að koma á móts við aðsókn að Búrfelli og Búrfellsgjá sem eru fjölsótt svæði. Þessu hefur seinkað vegna ósamþykks deiliskipulags af Heiðmörk innan marka Garðabæjar.

9. Rannsóknir og vöktun:

Vöktunaráætlun

Vöktunaráætlun fyrir Vífilsstaðavatn og Urriðavatn þar sem rannsaka á efnisflokka á fimm ára fresti var unnin fyrir umhverfisnefnd og samþykkt af bæjarstjórn 2015.

Vöktunaráætlunin gerir ráð fyrir að geta borið þessi tvö vötn saman vegna ólíkrar stöðu þeirra en samt mikillar nálægðar. Efnisflokkarnir eru ýmsar efna- og mengunarmælingar, smádyr, háplöntur og svifþörungur, annað dýralíf s.s. fiska, fuglalíf, en örverumælingar eru tvisvar á ári. Nú í ár 2016 var tekin fyrir ítarleg rannsókn á efnum- og mengunarmælingum, sem Heilbrigðiseftirlitið hafði umsjón með f.h. umhverfisnefndar, skýrsla er væntanleg í nóvember sem birt verður á www.gardabaer.is. Vöktun á lífríki þessara tveggja vatna hefur verið regluleg frá árinu 1998.

Rannsóknir á lífríki fugla eru tíðar síðasta skýrsla *Fuglalíf á Álftanesi – Fuglar í fjörum, á grunnsævi, tjörnum og túnnum árið 2014* var kynnt á íbúafundi á Álftanesi af höfundum rannsóknarinnar þeim Dr. Ólafi Einarssyni og Jóhanni Óla Hilmarssyni.

10. Tillögur um friðlýsingar í sveitarfélaginu:

Hrauntröð í Búrfellshrauni nánar í Urriðakotshrauni er stefna Garðabæjar að friðlýsa líkt og önnur friðlýst hraunhluta Búrfellshrauns. Ekki hefur náðst samkomulag við landeigendur.

Skerjafjarðarhluta fram undan Álftanesi er áhugi fyrir að friðlýsa líkt og Skerjafjarðarhluta Garðabæjar 2009. Sú friðlýsing er erfið í framkvæmd vegna fjölda landeigenda. Í vinnu við endurskoðun aðalskipulag sameinaðs Garðabæjar verða þessi mál skoðuð.

11. Framandi ágengar tegundir:

Útbreiðsla skógarkerfils er mesta áhyggjuefnið, sem dreifist út frá vanhvirtri lóð Vífilsstaða sem er í eigu ríkisins. Unnið er á dreifingu hans með því að stinga stakar plöntur upp með rót og eitru á flekki.

Hefting útbreiðslu lúpínu er aðaláhyggjuefni innan friðlands Vífilsstaðavatns og nágrennis. Þar hefur verið unnið á lúpínunni með orfaslætti.

Bjarnarkló er eytt þar sem hún sáir sér út á opin svæði frá lóðum íbúa, sérstaklega gerist þetta á lækjarsvæðum.

12. Önnur mál:

13. Nefndin fær beiðnir um umsagnir til bæjarráðs um ýmis umhverfismál.

14. Nefndin fær til umsagnar tillögur um deiliskipulög s.s. á líðandi ári af Hliði og Heiðmörk, einnig aðalskipulagsbreytingar. Og kynningar á vinnslu endurskoðunar aðalskipulags sameinaðs Garðabæjar.

15. Í stjórn Reykjanesfólkvangs er fulltrúi Garðabæjar Jóna Sæmundsdóttir formaður umhverfisnefndar. Umhverfisnefnd fær reglulega upplýsingar um starfsemi Fólkvangsins.

16. Vorhreinun 2016 - hreinsunarátak í nærumhverfi með íbúum í apríl og maí, um 35 hópar tóku þátt í verkefninu, þar sem umhverfisstjóri úthlutar svæðum sem aðallega eru í hraunum, meðfram lækjum og í fjörum. Hóparnir hljóta hvatningarstyrki um kr.50.000.- að launum. Góð þátttaka íbúasamtaka og félagasamtaka til fjáröflunar.

17. Þátttaka í vatnasvæðisnefnd 4, sem liggur niðri.

18. Snyrtilegt umhverfi 2016, er árlegt verkefni umhverfisnefndar skoðar eftir innkomnum ábendingum og veitir viðurkenningar í júlí fyrir snyrtilegar lóðir íbúðarhúsa og lóðir fyrirtækja, ásamt vali á snyrtilegustu götunni.

19. Mengunarmælingar lækja og strandar er alltaf í gangi undir vökulli eftirfylgni umhverfisnefndar í samstarfi heilbrigðiseftirlits með tveimur sýnatökum á ári, Strendings verkfræðistofu og starfsmanna Áhaldahús Garðabæjar. Niðurstöður mælinganna eru lagðar fyrir umhverfisnefnd.

20. Merking hjólastíga á höfuðborgarsvæðinu – litaðar lykilleiðir er samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Gert ráð fyrir að verkefninu ljúki vorið 2016 með uppsetningu leiðbeiningaskilta við hjólaleiðir. Þar sem hve aðalsamgöngu hjólaleið ber sinn lit, t.d. rauð leið er meðfram Hafnarfjarðarvegi sem kynnt var í Samgönguviku 20. sept.sl.

21. Styrkumsókn til Vegagerðar til samgönguleiða um endurbætur á Heiðmerkurvegi og gerð bílastæða við upphaf gönguleiðar í Búrfellsgjá og á Búrfell. Styrkveiting fékkst 2,5 mkr. sem nýttist ekki á árinu vegna þess að deiliskipulag Heiðmerkur lág ekki fyrir. Sama gildir um styrk til sömu framkvæmdar 2016.

22. Styrkumsóknir til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna bílaplans við Heiðmerkurveg við upphaf gönguleiðar á Búrfell og Búrfellsgjá og endurbætur á útivistarleið meðfram strönd Álftaness. Ekki fékkst styrkur þar.

23. Styrkumsóknir til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir 25. 10.16 vegna bílaplans við upphaf gönguleiðar á Búrfell og endurbætur strandstígs á Álftanesi með útsýnispöllum.

24. Styrkumsókn til Landbótasjóðs Landgræðslu ríkisins vegna endurheimts votlendis Kasthúsatjarnar og umhverfis. Styrkur var veittur til framkvæmda að endurheimts votlendis í ár, jafnframt styrkir Toyota á Íslandi verkefnið.
25. Styrkumsókn til Orkusjóðs vegna aðstöðu fyrir rafbíla.
26. Ársfundir náttúruverndarnefnda með Ust, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar og fleiri ráðstefnur og málþing er varða náttúruvernd og umhverfismál.
27. Tillögur til fjárhagsáætlunar vegna umhverfismála voru sendar til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017.
28. Eyðing meindýra skýrslu skilað um minkaveiðar til Umhverfisstofnunar, refum ekki fargað í bæjarlandinu.
29. Ástand friðlýstra svæða Unnin skýrsla sem send var Umhverfisstofnun og sóttur ársfundur umsjónaraðila friðlýstra svæða.
30. Samþykkt um hæsnahald í Garðabæ var samþykkt á árinu.

Samþykkt á fundi umhverfisnefndar 9.11.2016

Garðabæ, 9. nóvember 2016
Fh. umhverfisnefndar Garðabæjar
Erla Bil Bjarnardóttir, umhverfisstjóri